

# Fundargerð 25. fundar

## stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga

Árið 2016, mánudaginn 5. september kl. 13:00 kom stjórn Samtaka orkusveitarfélaga saman til fundar símafundur í Hlaðbúð.

Fundinn sátu: Gunnar Þorgeirsson og Jón Óskar Pétursson. Í símasambandi voru Árni Eiríksson, Sigrún Hauksdóttir og Gunnsteinn R. Ómarsson.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Greining á lögum og reglugerðum í tengslum við nýtingu vindorku - 1603001SO

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði Sambands íslenskra sveitarfélaga, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir stöðu erindis sem Samband íslenskra sveitarfélaga sendi umhverfis- og auðlindaráðherra, dags. 17. október 2015, þar sem óskað var eftir því að ráðherra skipi starfshóp til að greina þörf fyrir nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar vegna virkjunar vindorku. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn skili af sér 20. september 2016.

*Til kynningar.*

### 2. Starfshópur til að vinna að endurskoðun á ákvæðum laga um skattlagningu á mannvirki sem flytja orku - 1603002SO

Sigurður Ármann Snævarr, sviðsstjóri hag- upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir stöðu erindis sem samtökin ásamt Sambandi íslenskra sveitarfélaga og Samorku sendu á innanríkisráðherra þann 9. desember 2015. Í erindinu var óskað eftir því að innanríkisráðherra skipaði starfshóp til þess að vinna að endurskoðun á ákvæðum laga um skattlagningu á mannvirki sem byggð eru í þeim tilgangi að framleiða eða flytja raforku. Starfshópurinn á að skila af sér í lok árs.

*Til kynningar.*

### 3. Samtök orkusveitarfélaga - aðalfundur 2016 - 1609001SO

Lögð fram dagskrá aðalfundur samtakanna sem verður haldinn miðvikudaginn 21. september 2016 kl. 14:30 á Hilton Reykjavík Nordica. Einnig lögð fram fjárhagsáætlun samtakanna 2016-2018.

*Formanni og starfsmanni falið að útbúa drög að skýrslu stjórnar og senda út aðalfundarboð.*

Fundi var slitið kl. 13:45